

REGLUGERÐ

221

31. des.

um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga.

Ákvörðun um iðgjöld árið 1959 samkvæmt 27. og 29. gr. almannatryggingalaga nr. 24 1956, er frestað, að öðru leyti en því, sem hér segir:

1. Í janúar 1959 skal greiða upp í iðgjöld samkvæmt 27. gr. sem hér segir:

a. Hjón og ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 500.00
Á 2. —	— 400.00

b. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 350.00
Á 2. —	— 275.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 29. gr. vegna lögskráðra sjómanna og ökumanna bifreiða, skulu árið 1959, þar til öðru vísi verður ákveðið, vera þessi:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.00 á viku.
Á 2. —	— 7.00 - —

Reglugerð þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, sbr. lög 30. des. 1958, um breyting á þeim lögum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

222

30. des.

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og breytingum á þeim lögum, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af benzíni, sem sönnur eru færðar á að notað hafi verið á vélar aðrar en bifreiðar, skal endurgreiða innflutningsgjald það, er um ræðir í 1. gr., þó þannig, að ekki verði endurgreitt af meira benzínmagni vegna hvernar einstakrar vélar en sem hér segir:

20 hestafla vélar og þar yfir	2500 lítrar á ári.
15—19 hestafla vélar	2000 lítrar á ári.
14 hestafla vélar og þar undir	1500 lítrar á ári.

Heimilt er að vikja frá framangreindu ákvæði um hámarkslítrafjölda þegar um er að ræða benzín, sem bæjar- og sveitarfélög og ræktunarsambönd hafa notað á vélar sínar, og sem notað hefur verið til vélbáta, sem fiskveiðar stunda að staðaldri mikinn hluta ársins.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

222

3. gr.

30. des. Hver notandi um sig sæki um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en bifreiða, til hverra nytja það hefur farið og ef um notkun til fleiri en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi verið notað til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestafl, svo og notkunartíma. Beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverð.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því.
3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem benzínið hefur verið notað, um að notkunin hafi farið fram og hve langan tíma af endurgreiðsluárinu, sbr. 2. gr.

Ef visvitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur má og senda lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi býr, og afgreiðir lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endurgreiðsluna til útborgunar þeim, sem í hlut á.

Ef umsækjandi óskar eftir, að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd öðrum en honum sjálfum, ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni, svo greinilega, að ekki verði um villzt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið endurgreiðsluár skulu vera komin til hlutaðeigandi lögreglustjóra fyrir 15. febrúar ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15. marz ár hvert.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 8 16. janúar 1951.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.